

95

14. maí

L Ö G

um lántöku fyrir ríkissjóð til talstöðva í fiskiskip o. fl.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 225 þús. kr. lán handa landssímanum. Skal láni þessu varið til þess að gera landssímanum fært að selja öllum íslenskum þilskipum, sem eru að stærð um 10 rúmlestir eða meira og enn vantar talstöð eða fullnægjandi viðtæki, slík tæki á leigu, innan ársloka 1942.

Af láni þessu má landssíminn verja allt að 25 þús. kr. gegn svipaðri fjárhæð annarstaðar að til þess að koma upp talbrú á Siglufirði vegna talstöðvarþjónustunnar.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra setur gjaldskrá um leigu talstöðva og viðtækja þeirra, er landssíminn selur skipum á leigu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Ólafur Thors.

Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

96

14. maí

L Ö G

um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Til þess að standast útgjöld ríkisins 1941 og til þess að greiða tillag til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga er ríkisstjórninni heimilt að afla tekna á þann hátt, er greinir hér á eftir.

2. gr.

Með því að leggja á tekjuskatt á árinu 1941 eftir þeim skattstiga, sem hér fer á eftir, í stað þess skattstiga, sem greinir í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekju- og eignarskatt:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.